

Fundargerð 64. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2021, mánudaginn 13. desember kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir, Gauti Jóhannesson og Njáll Ragnarsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Magnús Kristjánsson og Guðmundur Freyr Hermannsson hjá KPMG sátu þennan dagskrárlið.

1. Tekjur sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi - 2102004SU

Magnús Kristjánsson hjá KPMG kynnir drög að greiningu KPMG á tekjum sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi.

Lögð fram drög að greiningu á tekjum sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi. Magnús Kristjánsson og Guðmundur Freyr Hermannsson kynntu drögin fyrir hönd KPMG.

Lokaskýrsla verður lögð fyrir á næsta stjórnarfundum samtakanna.

Gauti Jóhannesson vék af fundi.

2. Sjávarútvegsfundur 2022 - 2111001SU

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal halda sjávarútvegsfund þau ár sem ekki er haldinn aðalfundur. Heimsfaraldur COVID-19 hafði áhrif á starfsemi samtakanna og því næst ekki að halda Sjávarútvegsfund árið 2021.

Sjávarútvegsfundur er ætlað að vera vettvangur kynninga og fræðslu fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Sjávarútvegsfundur er öllum opin og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SS en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

Taka þarf ákvörðun um tímasetningu Sjávarútvegsfundar samtakanna á árinu 2022 og móta áherslur í umfjöllun.

Ákveðið að halda Sjávarútvegsfund þriðjudaginn 22. febrúar 2022. Stefnt að því að verði staðfundur á höfuðborgarsvæðinu.

Formaður, Jón Björn Hákonarson og Matthildur Ásmundardóttir munu undirbúa dagskrá fundarins.

3. Drög að breytingu á reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags - 2111002SU

Lögð fram til kynningar drög að breytingu á reglugerð nr.330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags.

Lagt fram til kynningar.

4. Skerðing á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja - 2112001SU

Frétt frá Landsvirkjun um skerðingu á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðja lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Matthildur Ásmundardóttir vék af fundi.

5. Starfsemi sláturskipa - 2111003SU

Erindi frá Hafnasambandi Íslands um starfsemi sláturskipa lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar og vísað til næsta fundar til frekari umfjöllunar.

Baldur Smári Einarsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið vegna hagsmunatengsla.

Fundi var slitið kl. 14:05

Rebekka Hilmarsdóttir

Baldur Smári Einarsson

Fannar Jónasson

Jón Björn Hákonarson

Matthildur Ásmundardóttir

Gauti Jóhannesson

Njáll Ragnarsson